

Sveitarstjóri og sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps

- Efni:
- Beiðni um hreyfistundir á vinnutíma
  - Kostnaðarpátttaka varðandi notkun starfsfólks á sínum sem vinnutæki
  - Húsaleigustyrkur/ afsláttur til starfsmanna.
- ❖ Við starfsfólk Leikskólans Leikhólts óskum eftir að fá hreyfistundir inn í vinnutíma okkar. Í Grímsnes- og Grafninghreppi fær starfsfólk 2 hreyfistundir á viku miðað við 100 % starf. Líka má nefna að Hveragerðisbær hefur gefið starfsfólki sínu árskort í sund. Aukin hreyfing þýðir ánægðara og heilbrigðara starfsfólk.
- ❖ Einnig óskum við eftir símastyrk þar sem við notum símana okkar mjög mikið í vinnunni, næstum allt upplýsingaflæði milli heimilis og skóla fer fram í gegnum símana okkar, erum með þá í öllum aðstæðum, í hópastarfi, úti í allskonar veðrum og í skítugum vösum, með notkun okkar síma(tölva) erum við að spara mikinn tíma og upplýsingaflæði er miklu meira en ella. Við grípum tækifærin, þetta er tæki sem við erum með við hendina og þess vegna spörum við tíma og upplýsingaflæðið virkar vel. Einnig er síminn mikilvægt öryggistæki.
- ❖ Sem starfsmenn sveitarfélagsins óskum við eftir að sveitarfélagið veiti okkur afslátt af leigu á húsnæði sveitarfélagsins. Í mörgum skólum fær starfsfólk afnot að húsnæði skóla endurgjaldslaust t.d. vegna ferminga, en sér þá líka á móti alfarið um þrif og frágang.

Fyrir hönd starfsfólks Leikhólts

*Helga Kolbeinsdóttir*

Helga Kolbeinsdóttir trúnaðarmaður FOSS

*Haukur Vatnar Viðarsson*

Haukur Vatnar Viðarsson trúnaðarmaður KÍ

*Sigurlaug Ósk Reimarsdóttir*

Sigurlaug Ósk Reimarsdóttir trúnaðarmaður Bárunnar stéttarfélags